

NORÐURLÖND

*– sterkari og grænni
í sameiningu*

ÁÆTLUN VEGNA
FORMENNSKU
ÁRIÐ 2022



Norræna
ráðherranefndin



EFNISYFIRLIT

KVEÐJA FORSÆTISRÁÐHERRA OG SAMSTARFSRÁÐHERRA	3
GRÆN NORÐURLÖND	4
SAMKEPPNISHÆF NORÐURLÖND	6
FÉLAGSLEGA SJÁLFBÆR NORÐURLÖND	8
FRAMTÍÐARSÝN OKKAR 2030	10

Einnig má nálgast þetta rit í vefaðgengilegri útgáfu á:
<https://pub.norden.org/politiknord2021-742/>

KVEÐJA

FORSÆTISRÁÐHERRA OG SAMSTARFSRÁÐHERRA

Samfélag norrænna þjóða er engu líkt. Grundvallargildi þjóðanna eru hin sömu og þeirra í milli ríkir mikið traust. Aukin samþætting norrænna ríkja og samstarf um margra áratuga skeið hafa sýnt að Norðurlönd eru sterkari sameinuð en hvert í sínu lagi, einnig þegar erfiðleikar steðja að. Í alþjóðlegu samhengi eru þessar þjóðir nánustu vinir og samstarfsaðilar hver annarrar.

Kórónufaraldurinn hefur komið hart niður á okkur öllum, En nú eru Norðurlönd aftur farin að opnast og við tökum á ný til við að styrkja böndin með því að ferðast, stunda vinnu og viðskipti og hitta annað fólk. Við verðum að halda áfram að læra hvert af öðru.

Sameiginlegt metnaðarmál okkar Norðurlandabúa er að vera í fararbroddi ríkja heims þegar kemur að grænum umskiptum, samkeppnishæfni og sjálfbærni. Saman viljum við vera öðrum þjóðum fyrirmynd og stuðla að því að veröldin í heild nái markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Norrænt samstarf er því ekki aðeins mikilvægt okkur sjálfum, heldur einnig öðrum Evrópulöndum og heiminum öllum.

Jafnframt blasir við að afar mikil þörf er á umskiptum í hagkerfinu. Heimurinn tekur hröðum breytingum og aðkallandi er að bregðast við loftslagsvánni. Ákvarðanir dagsins í dag hafa áhrif bæði á núlifandi kynslóðir og þær sem á eftir koma. Framtíðarsýn okkar 2030 er sameiginleg áætlun okkar um hvernig Norðurlönd eiga að axla ábyrgð í þessu tilliti. Það markmið framtíðarsýnarinnar að gera Norðurlönd að sjálfbærasta svæði heims stuðlar með mikilvægum hætti að markmiðum Parísarsamningsins og grænsáttmála Evrópusambandsins. Framtíðarsýn 2030 og áætlun Evrópusambandsins í loftslagsmálum til ársins 2030 þjóna báðar sem skýr leiðarvísir í þeirri vinnu.

Á formennskutíma Noregs í Norrænu ráðherranefndinni verður markvisst unnið að áherslusviðunum þremur, en þau eru: **græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd**. Við hyggjumst hleypa nýjum krafti í vinnuna við framtíðarsýnina, stuðla að hraðari grænum umskiptum og auka skilvirkni í starfi ráðherranefndarinnar. Í sameiningu getum við gert Norðurlönd sterkari og grænni.

Við hlökkum til samstarfsins á árinu 2022!



Jonas Gahr Støre
forsætisráðherra og Anne
Beathe Kristiansen Tvinneheim
samstarfsráðherra Norðurlanda

Mynd: NTB

Kommunikasjon / skrifstofa
forsætisráðherra



GRÆN NORÐURLÖND

Úrlausnarefni í loftslags- og umhverfismálum eru einhver mest aðkallandi verkefni nútímans. Hækkandi hiti, öfgar í veðurfari og veiking vistkerfisins grafa undan sjálfum grundvelli lífs á jörðunni og ógna heilbrigði, velferð, öryggi og hagvexti framtíðarinnar.

Til að tryggja sjálfbæra þróun er nauðsynlegt að huga að heildarsamhenginu og finna lausnir sem nýtast okkur sameiginlega. Á formennskutíma Noregs verður lögð áhersla á að fjalla um samhengið milli loftslags og náttúru, vinna gegn minnkandi fjölbreytileika lífríkisins og **varpa ljósi á hvernig náttúrulegar lausnir geta stuðlað að grænum umskiptum.**

Athyglinni verður beint að leiðum til að **hraða grænum umskiptum.** Stjórnvöld, vísindamenn, fyrirtæki og almenningur verða að leggjast á eitt. Norðurlandasamstarfið auðveldar okkur að leita svara við því hvaða kraftar, vinnubrögð og ráðstafanir nýtast best til að hraða umskiptunum. Nauðsynlegt er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda svo hratt sem nokkur kostur er og taka upp nýjar tæknilausnir. Norðurlönd þurfa að taka höndum saman á alþjóðavettvangi til að stuðla að jákvæðri þróun í fjölþjóðasamstarfi almennt, og í alþjóðasamstarfi um umhverfis- og loftslagsmál sérstaklega.

Hafið og strendurnar eru á Norðurlöndum undirstaða atvinnurekstrar, starfa, öryggis í fæðuframboði og næringar, menningarlegrar samsemdar og búsetu. Hafið hefur mikla þýðingu sem jafnandi þáttur í loftslagi jarðarinnar, en það er einnig viðkvæmt fyrir margs konar áhrifum, breytingum á loftslagi og minnkandi fjölbreytni í lífríkinu. Alþjóðleg leiðtoganefnd um sjálfbært sjávarhagkerfi hefur nýlega lagt fram tillögur um sjálfbæra umsýslu hafsauðlinda, og verður unnið að því að fylgja þeim tillögum eftir. Á formennskutíma Noregs verður unnið að því að efla norrænar aðgerðir á sviði sjálfbærrar umsýslu hafsauðlinda. Við viljum kanna hvort reynslan frá Eystrasalti gefi tilefni til aukins samstarfs um



Norrænu ríkin standa vel að vígi fyrir græn umskipti.

umhverfismál og sjálfbærni í Skagerrak. Áætlanir Sameinuðu þjóðanna um áratug hafrannsóknar og áratug um aðgerðir í þágu næringar, og áttak til að auka framboð fæðu úr hafinu og styrkja sjálfbær fæðukerfi, styðja með beinum hætti við sjálfbærnimarkmiðin og framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar og verður þessu fylgt eftir á formennskuárinu.

Sjóflutningar eru mikilvæg atvinnugrein á Norðurlöndum. Eðlilegt er að norrænu ríkin hafi með sér samstarf um græn umskipti í sjóflutningum til að auka samstarfshæfni Norðurlanda bæði á alþjóðavettvangi og gagnvart Evrópusambandinu. Á formennskutíma Noregs verður þessum málum fylgt eftir, einkum með það í huga að **móta áætlun um þróun kolefnishlutlauss eldsneytis**. Sjálfbært, kolefnishlutlaust eldsneyti er mikilvæg forsenda þess að unnt verði að ná þeim losunarmarkmiðum sem Alþjóðasiglingamálastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur sett. Það verkefni er jafnframt snar þáttur í því starfi Evrópusambandsins að draga úr kolefnislosun frá skipum.

Á formennskutíma Noregs verður áfram unnið að því markmiði norrænu ríkjanna að byggja upp **sjálfbært hringrásarhagkerfi**. Í því samhengi er mikilvægt að huga að nýjum lausnum, tækniþróun og samstarfi þvert á ríki, fagsvið og atvinnuvegi. Norðurlönd búa að meiri samkeppnishæfni, nýsköpun, stafvæðingu og samþættingu en flest önnur svæði heims og geta þannig lagt sitt að mörkum við þróun markaða fyrir vörur, hráefni og aðföng hringrásarhagkerfisins. Við verðum að vinna saman að því að byggja upp hringrásarhagkerfi án losunar mengandi efna og með sem minnstri eyðingu auðlinda.

Lífrænar auðlindir á landi, með ströndum og í hafinu hafa verið undirstaða atvinnustarfsemi í landbúnaði og skógrækt, fiskveiðum og fiskeldi, og þar með einnig atvinnu og búsetu um öll Norðurlönd. Slíkar auðlindir eru mikilvægur grundvöllur þess að sjá meg í búum Norðurlanda fyrir hollum og næringarríkum mat, auk þess að skapa umtalsverð útflutningsverðmæti. Að auki geta þær stuðlað að uppbyggingu hringrásarhagkerfisins. Nýting lífræna auðlinda er helsta forsenda umskiptanna frá hagkerfi sem byggist á jarðefnaeldsneyti yfir í lífhagkerfi, og því verður á formennskutíma Noregs lögð áhersla á **sjálfbæra nýtingu bláa og græna lífhagkerfisins**.

Orkusamstarf Norðurlanda verður mikilvægur þáttur í vinnunni við græn umskipti. Svæðasamstarf Norðurlandanna á sviði orkumála einkennist af meiri samþættingu en þekkist annars staðar í heiminum, og Norðurlönd standa í fararbroddi að því er varðar þróun grænna orkulausna. Á formennskutíma Norðmanna verður unnið að því að norrænu ríkin **efli orkusamstarf sitt svo sem kostur er** og vinni saman að því að greiða fyrir tæknilausnum í takt við verkefni ESB, „Fit for 55“.



SAMKEPPNISHÆF NORÐURLÖND

Norrænu ríkin standa vel að vígi í umskiptunum yfir í grænna, stafrænna og samkeppnishæfara hagkerfi. Þar skipta einstakir eiginleikar norræna vinnumarkaðarins afar miklu. Sameiginlegur norrænn vinnumarkaður er hornsteinn norræns samstarfs.

Yfirstandandi faraldur hefur bitnað hart á efnahagskerfi heimsins og þrengt að atvinnulífinu. Störf hafa horfið. Besta leiðin til að standa vörð um verðmætasköpun og jafna skiptingu auðæfa er að tryggja sem flestum atvinnu. Það krefst þó mikils átaks til að endurreisa og þróa áfram hagkerfi þar sem enginn verður útundan.

Vaxtarhæfni hagkerfisins til lengri tíma litið er einnig háð því að okkur takist að auka sjálfbærni bæði í framleiðslu og neyslu. Norðmenn hyggjast á formennskutíma sínum nýta þetta samstarf til að huga að uppbyggingu **öflugs norræns atvinnulífs og vinnumarkaðar** með mikið mótstöðuafli gegn nýjum kreppum.

Hér fyrir neðan eru talin upp nokkur mikilvæg áhersluefni sem aukið geta samkeppnishæfni Norðurlanda í kjölfar faraldursins.

Í tengslum við Framtíðarsýn 2030 er nauðsynlegt að **efla samstarf í samgöngumálum** enn frekar. Á formennskutíma Noregs verður leitast við að koma á fót varanlegu og markvissu norrænu samstarfi í samgöngumálum.

Stafrænir innviðir eru grundvallarforsenda þess að unnt sé að nýta sóknarfæri í tæknimálum. Slíkir innviðir eru einnig mikilvægt verkfæri til að bregðast við þeim úrlausnarefnum á sviði vísinda og samfélagsmála sem græn umskipti hafa í för með sér.

Stafvæðing eykst jafnframt hröðum skrefum á sviði menntamála, atvinnamála og þjónustu. Við það skapast ný tækifæri í bæjum og byggðum á Norðurlöndum, en þeim er öllum nauðsynlegt að laða til sín vel menntað fólk og nýja atvinnustarfsemi.



Norrænu ríkin standa vel að vígi í umskiptunum yfir í stafrænna og samkeppnishæfara hagkerfi.

Símenntun og stafræn hæfni eru ofarlega á baugi á öllum Norðurlöndum. Norrænu ríkin standa frammi fyrir sameiginlegum úrlausnarefnum og tækifærum sem tengjast aukinni stafvæðingu og sífellt hraðari breytingum í atvinnulífinu. Þetta á ekki síst við að því er varðar vinnuna við græn umskipti, sem kallar á nýja þekkingu.

Til að stuðla að grænum umskiptum hyggjast Norðmenn á formennskutímanum leggja áherslu á starf sem tengist **gagnauppbýggingu og gagnaskiptum og notkun stafrænnar þjónustu** þvert á landamæri norrænu ríkjanna. Við viljum sömuleiðis halda áfram hinu mikilvæga samstarfi norrænu ríkjanna um **uppbýggingu 5G-kerfisins, notkun gervigreindar á siðlegan og ábyrgan hátt og gagnaskipti milli Norðurlandanna**.

Faraldurinn hefur leitt það skýrt í ljós hversu mikilvægt er að til séu skilvirkar leiðir til að **skiptast á heilbrigðisgögnum**. Við þurfum á því að halda að geta með fljótlegum hætti skipst á gögnum um smitsjúkdóma, læknis meðferð, eftirlit og árangur. Það hefur einnig reynst mikilvægt, til að bjarga lífi fólks og heilsu, að geta aukið gagnið af yfirstandandi klínískum rannsóknum með gögnum úr heilbrigðisskrám. Á formennskutíma Noregs verður unnið að því að styrkja grundvöll **gagnadrifinna rannsókna og nýsköpunar** til að styrkja framvarðarstöðu Norðurlanda á sviði heilbrigðistækni og nýjunga í meðferð sjúklunga.



FÉLAGSLEGA SJÁLFBÆR NORÐURLÖND

Norræna velferðarkerfið er eitt af því sem þykir skýrast einkenna Norðurlönd. Við norrænu velferðarríkjunum blasa nú mikilvæg úrlausnarefni sem hafa orðið enn meira aðkallandi í faraldrinum, bæði á sviði lýðheilsu og samfélagsmála almennt og að því er varðar málefni barna og ungmennt sérstaklega. Faraldurinn hefur komið mishart niður og vegið að samstöðu og réttlæti í þjóðfélaginu.

Það er ekki aðeins mikilvægt fyrir einstaka Norðurlandabúa að starfrækt séu góð velferðarkerfi sem tryggja efnalegt og félagslegt öryggi, heldur einnig fyrir aðlögunarhæfni atvinnulífsins. Atvinnulíf á Norðurlöndum einkennist af því að þátttaka kvenna er því sem næst hin sama og karla, en það stuðlar að traustu velferðarríki. Velferðarkerfin styrkjast eftir því sem fleiri stunda atvinnu. Til að vinna gegn neikvæðum afleiðingum faraldursins og tryggja sjálfbærni félagslegu kerfanna til frambúðar er mikilvægt að láta vinnumarkaðinn ná til allra og útvega hópum sem standa höllum fæti atvinnu með viðeigandi ráðstöfunum.

Ef tilteknir hópar standa utan atvinnulífsins hefur það alvarlegar afleiðingar bæði fyrir einstaklinga og samfélagið í heild. Á formennskutíma Noregs verður þeirri vinnu haldið áfram að leggja drög að atvinnulífi framtíðarinnar á Norðurlöndum. Við viljum auka þekkingu á ráðstöfunum sem stuðlað geta að **aukinni þátttöku í atvinnulífi og samfélagi, með sérstakri áherslu á ungt fólk sem býr við erfiðar aðstæður.**

Viðbúnaður í heilbrigðismálum er mikilvægur hluti norræns samstarfs og hefur mikilvægi hans aukist enn í faraldrinum. Mörg þeirra úrlausnarefna sem takast þarf á við til að standa betur að vígi í baráttunni við aðkallandi heilbrigðisvanda í framtíðinni eru þó þess eðlis að Norðurlönd geta ekki leyst þau ein. Norrænu ríkin hafa með samstarfi sínu aflað sér verðmætrar reynslu sem nýta má í tengslum við yfirstandandi aðgerðir Evrópusambandsins um aukinn viðbúnað í heilbrigðismálum. Á



Norrænu ríkin standa vel að vígi fyrir umskipti í átt til félagslegrar sjálfbærni.

formennskutíma Noregs verður starfinu sem Finnar hófu á sviði viðbúnaðarmála haldið áfram, meðal annars **samstarfi um hættustjórnun og öryggi aðfanga.**

Við þær aðstæður sem nú ríkja að netafbrot færast í aukana verða til ný viðfangsefni á sviði forvarna og baráttunnar gegn glæpum, en jafnframt verður að standa vörð um réttaröryggið og vernd persónuupplýsinga. Á formennskutíma Noregs verður lögð áhersla á **baráttuna gegn glæpum og vernd persónuupplýsinga í tengslum við stafræna þróun.**

Auk þess sem jafnrétti og velferð eru mikilvægar forsendur atvinnu og hagvaxtar eru menning og tungumál grundvöllur sameiginlegra gilda okkar og áframhaldandi þróunar norrænnar samkenndar. Menning og tungumál tengja þjóðirnar böndum, skapa samstöðu og byggja brýr milli stjórnvalda, almannasamtaka og íbúa á Norðurlöndum. Norðmenn vilja á formennskutíma sínum **halda áfram hinu mikilvæga samstarfi Norðurlanda á sviði tungumála og menningar.**

Í heimi þar sem vegið er að réttarríkinu og lýðræðinu og grafið hefur undan traustinu milli almennings og stjórnvalda er mikilvægara en nokkru sinni áður að slá skjaldborg um sameiginleg gildi Norðurlandanna, en grundvöllur þeirra er sjálfbærni, þátttaka allra, lýðræði, opið samfélag, tjáningarfrelsi og jafnrétti. Þörfin á þessu hefur komið enn skýrar í ljós en áður í yfirstandandi faraldri.

Sameiginleg gildi okkar Norðurlandabúa eru miðjan sem öll vinna við að gera Norðurlönd að sjálfbærasta og best samþætta svæði heims árið 2030 hverfist um.

Framtíðarsýn okkar 2030

Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.

Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

**Norðurlönd
eiga að verða
sjálfbærasta og
samþættasta
svæði heims**

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Um ritið

NORÐURLÖND – sterkari og grænni í sameiningu

Áætlun vegna formennsku Norðmanna í Norrænu ráðherranefndinni árið 2022

PolitikNord 2021:742

ISBN 978-92-893-7133-9 PDF

ISBN 978-92-893-7134-6 ONLINE

<http://dx.doi.org/10.6027/politknord2021-742>

Útgefið 3.11.2021

© Norræna ráðherranefndin 2021

Umbrot: Louise Jeppesen

Forsíðumynd: Johnér

Aðrar myndir: **GRÆN NORÐURLÖND:** Johnér, Einar Aslaksen/Pudder Agency, Unsplash.com

SAMKEPPNISHÆF NORÐURLÖND: Unsplash.com, Brand Norway, Lise Josdal

FÉLAGSLEGA SJÁLFBÆR NORÐURLÖND: Unsplash.com, Håkon Sandmo Karlsen, Unsplash.com

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin
Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 Kaupmannahöfn
www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur